

## Hin umdeilda Seðlabankabyggingu:

Hér sjáum við svo Seðlabankabygginguna eins og hún kemur til með að líta út séð frá Sölvhólsgötu. Í baksýn er Alþýðuhúsið við Hverfisgötu. Neðst sjáum við efri kjallarann, en þar verða meðal annars bílastæði. Raufirnar í kjallaranum eru gluggar. Neðri kjallarin er alveg niðurgrafinn.

# Húsið verður byggt úr íslenzku grýti og stendur á um það bil 3000 fermetra lóð

— Á teikningu arkitektanna er gert ráð fyrir hvíldarherbergi, síukraherbergi og sauna.....

Akveðið hefur verið að halda áfram framkvæmdum við byggingu Seðlabankans við Arnarhól. Verður það eflaust sárt fyrir suma, sem dyggilega hefðu viljað berjast gegn þeirri byggingu.

En þrátt fyrir sköðana mismun manna, þá er bygging þessi óneitanlega nokkuð glæsileg í sjón, að minnsta kosti eftir teikningum og líkönunum að dæma. Vísismenn fengu að líta á teikningar af húsinu og virða fyrir sér það sem í bigerð er að hafa þar innan dyra, en það eru þeir Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson arkitektar, sem teiknað hafa húsið.

Byggingin er fjórar hæðir og síðan tveir kjallarar. Er annan kjallaranna niðurgrafinn. Húsið er ekki ýkja hátt, að minnsta kosti er það þó nokkuð lægra en Alþýðuhúsið við Hverfisgötuna, svo að miðað sé við eitthvað.

Hins vegar má gera ráð fyrir því, að minnsta kosti eftir framtíðarskipulagi Reykjavíkurborgar, að Ingólfur blessaður og Arnarhóllinn hans veri ekki jafn tignarlegur og áður Arnarhóllinn verður næstum því kvos eða aðeins þúst, þegar fullbyggð hefur verið vörugeymsla sú, sem liggur við Kalkofnsveg gegnt fyrirhugaðri Seðlabankabyggingu, hvort og hvenær, sem það verður gert...


En það gamla verður víst að vikja fyrir hinu nýja, en nóg um það. Við skulum reyna að draga upp mynd af Seðlabankanum eins og hann kemur til með að líta út. Að öllum líkindum verður reynt að nota íslenskt grýti í byggingu hússins. Er það þá einna helst um blágrýti að ræða, en húsið verður því hvorki málað né þússað að utan. Við súlur inni í húsinu verður líklega einnig reynt að losna við málingu sem mest, en reynt að nota grýtið.

Að öðru leyti ætti innrétting að verða í flestu svipuð og venjulegt skrifstofuhúsnæði. Þ.e. teppi á gólfum léttrir veggir og annað slíkt.

Byggingin mun standa á um það bil 3000 fermetra lóð. Þar af verða þó nærri tveir þriðju hlutar bílastæði. Neðri kjallarin, þar er að segja sá niðurgrafni, er 2,940 fermetrar að stærð.

Þar eru bílastæði meðal annars, og er ekið inn í þau úr efri kjallaranum. Í kjöllurinum eru svo neyðarútgangar, sem um leið verka sem loftræsting, enda veitir sízt af því á bílastæðunum.

Í þessum neðri kjallara er annars gert ráð fyrir, að verði fjárhirzslur, þökkun, brennsla, talning, lyfta, rafmagn, kaffiherbergi, götun og fleira. Í byggingunni er gert ráð fyrir, að Reikningsstofnun allra bankanna verði til húsa og verður einhver tæknibúnaður í neðri kjallaranum. Er gert ráð fyrir að bankarnir sameini að einhverju leyti reikninga sína, og verður tæknibúnaðurinn á um það bil 300 fermetra svæði.



„Arnarhóll verður næstum eins og kvos eða lítill hóll, ef fyrirhuguð vöruskemma ris upp....” — Guðmundur Kr. Guðmundsson arkitekt sem teiknaði Seðlabankann ásamt Ólafi Sigurðssyni arkitekt.

A teikningu þeirra Guðmundar og Ólafs er gert ráð fyrir sauna, hvíldarherbergi, sjúkraherbergi og dágöðu baði. Guðmundur tók það þó skýrt fram að hér væri eingöngu um að ræða hugmyndir þeirra, þar sem þessu svæði væri að nokkru óráðstafað.

Í báðum kjöllurinum samtals er gert ráð fyrir 150 bílastæðum, en 20 stæðum í portinu, sem er fyrir framan fyrstu hæðina. En vikjum að efri kjallaranum. Efri kjallarin er 2756 fermetrar að stærð.

Í kjallarnum eru meðal annars skjalageymslur,

öryggisgarður og varzla, talning, teljarar, kaffistofa, setustofa skrifstofufólks, fundarherbergi, matstofa og fleira ásamt bílastæðum.

Gluggar þessa kjallara eru all nokkuð öðru vísi en við eigum að venjast. Þeir eru aðeins mjóar háar ræmur, rétt eins og rennilásar. Ekið er inn í bílastæðin í efri kjallaranum frá Sölvhólsgötu á tveimur stöðum. Er önnur innkeyrslan ætluð starfsfólki eingöngu.

Fysta hæð hússins er 527 fermetrar. Þegar gengið er inn, Ingólfsstrætis megin, er komið inn í stóran sal. Gengt

inn göngudyrunum eru tvær lyftur, en síðan tveir stigar í sitt hvoru horninu. Á fyrstu hæðinni eru erlend viðskipti, afgreiðsla fundarsalur, aðal féhirðir, lán og verðbréf, ávisanaviðskipti og forsalur.

Önnur hæð byggingarinnar er 631 fermetrar. Á annarri hæð er endurskoðun, bókhald, ríkisábyrgðarsjóður, gjald-eyriseftirlit, og svo fyrrnefnd Reikningsstofnun, sem að öllum líkindum mun fá aðstöðu á þessari hæð.

Á þriðju hæðinni, sem er 740 fermetrar, eru fundarherbergi, hagfræðingar, lögfræðingar, bankaefirlit, iðnþróunarsjóður og fleira.

Á fjórðu hæðinni er svo stjórn bankans, en fjórða hæðin er 901 fermetri. Þar kemur til með að verða myntsaft og bókasafn. Einnig verða þar bankastjórn, bankaráð, ritarar, aðstoðarbankastjóri, bíðstofa, aðal-skrifstofa og formaður bankaráðs.

Dagsljósið nær að skina alveg niður á fyrstu hæðina í byggingunni í gegnum miðju hússins. Þar verður opið á milli 1-2. hæðar. ekki má svo gleyma salernum, sem verða á hverri hæð.

Athyglisvert er það, að þrátt fyrir þessa byggingu við Arnarhólstúnið, á lítill sem engin aukning sér stað á starfssemi bankans. Starfsfólki fjölgar til að mynda ekki, en starfsfólk bætist þó við í sambandi við Reikningsstofnunina. —EA

